



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2021

Efni: Umsögn um „Ræktum Ísland!“ Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland

Samtök atvinnulífsins (hér eftir „**samtökin**“) vísa til tölvupósts frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá 5. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland – „Ræktum Ísland!“. Um er að ræða umræðuskjal verkefnastjórnar um landbúnaðarstefnu undir stjórn Björns Bjarnasonar og Hlédísar H. Sveinsdóttur.

Samtökin telja mikilvægt að íslenskur landbúnaður sé öflugur og að tryggð verði geta hans til að framleiða matvæli af háum gæðum auk þess að víðtæk samstaða náist um trúverðuga áætlun í því augnamiði að auka framleiðni og verðmætasköpun í landbúnaði og þar með hagkerfinu öllu. Samtökin eru jákvæð í garð þeirra tillagna sem fram koma í umræðuskjalinu og fagna frekara samtali og samráði á þessum vettvangi.

Við móttun víðsýnnar landbúnaðarstefnu leggja samtökin áherslu á mikilvægi þess að auka enn hagræðingu og efla samkeppni í greininni, lækkun tolla og vörugjalda og þar með verð til neytenda auk þess að tryggja afkomu bændanna sjálfra. Einnig þarf að auka áherslu á loftlagsmál og uppgræðslu lands. Loks þarf að huga að aukinni framleiðslu einstakra afurða til útflutnings og sameiningu fyrirtækja sem annast slátrun og kjötvinnslu.

Sú stefna sem umræðuskjalið boðar kveður á um framangreind atriði og telja samtökin það jákvætt og samfélaginu til hagsbóta.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir umræðuskjalið að svo stöddu. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu ráðuneytisins eða verkefnastjórnarinnar.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Árni Grétar Finnsson